



Aðalfundur

Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH)

föstudaginn 31. mars 2023, kl. 12:00 til 13:45

í fundarsal BHM að Borgartúni 6, 4. hæð.

Kl. 12:00. Skráning fulltrúa og afhending gagna.

Samtals sóttu 22 félagsmenn fundinn.

Kl. 12:05. Fundur settur.

Formaður stjórnar, Stefán Björnsson, bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi trúnaðarmenn fundarins voru kosnir:

Fundarstjóri: Jóngeir Hjörvar Hlinason

Fundarritari: Sigríður Svavarsdóttir

Dagskrá samkvæmt lögum félagsins:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári
2. Reikningar félagsins
3. Tillögur félagsstjórnar
4. Kosning í embætti og önnur trúnaðarstörf
5. Lagabreytingar
6. Ákvörðun félagsgjalda
7. Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins
8. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári

Stefán Björnsson, formaður stjórnar, flutti meginefni skýrslu stjórnar fyrir árið 2022.

Í máli Stefáns kom fram að dr. Oddgeir Ottesen hafi verið ráðinn sem framkvæmdastjóri félagsins vorið 2022 en tveir starfsmenn skrifstofu létu af störfum um svipað leyti. Stefán þakkaði þeim fyrir vel unnin störf fyrir hönd félagsins.

Stefán upplýsti einnig að Höskuldur Þór Þórhallsson, landsréttarlögmaður hafi verið ráðinn inn á skrifstofu félagsins í hlutastarf frá og með 1. febrúar 2023.

Greindi Stefán frá því að stjórn félagsins stefndi að því að ráða einn starfsmann til viðbótar á skrifstofu félagsins haustið 2023.

Þá kom fram í máli Stefáns að félagsmenn hafi verið 1.918 í október 2022. Unnið væri markvisst að því að fjölga þeim. Gerðir hafi verið þrjár stofnanasamningar á árinu og fimm væru í vinnslu. Undirbúningur væri kominn af stað vegna komandi kjarasamninga og

samningar við ríkið væru langt komnir. BHM veitti aðstoð við gerð þeirra en félagið sæi um að semja fyrir sína félagsmenn. Einn liður í undirbúningi væri að framkvæmdastjóri hefði sótt námstefnur um samningagerð á vegum ríkissáttasemjara. Á komandi starfsári yrði áhersla lögð á að undirbúa kjarasamningsviðræður með ítarlegri greiningu á samningsmarkmiðum KVH þar sem samningur, sá er yrði væntanlega undirritaður á næstu vikum, yrði til skamms tíma eða 12 mánaða.

Skýrsla stjórnar í heild sinni, ásamt reikningum og öðrum fundargögnum, fylgir þessari aðalfundargerð. Sjá viðhengi.

2. Reikningar félagsins

Helga S. Sigurðardóttir, gjaldkeri stjórnar, fór yfir reikninga félagsins fyrir árið 2022.

Í máli hennar kom meðal annars fram að rekstrartekjur félagsins hafi verið u.þ.b. 126 milljónir króna og hækkað um 17 milljónir króna á árinu, aðallega vegna fjölgunar félagsmanna og hækkana launa. Rekstrargjöld hafi verið u.þ.b. 93 milljónir króna. Laun og launatengd gjöld lækka um u.þ.b. 2 milljónir króna sem skýrist af fækkun starfsmanna, orlofsskuldbindingu sem var gjaldfærð á fyrra ári og kjarasamningsbundnum launahækkunum. Að sama skapi lækki annar rekstrarkostnaður um u.þ.b. 7 milljónir króna. Hagnaður ársins 2021 að teknu tilliti til fjármagnsliða hafi verið 34.828.158 krónur en var. 28.079.746 krónur á síðasta ári.

Upplýsti Helga að náðst hafi að greiða 62.8 milljónir króna til félagsmanna úr vísindasjóði en greiðsla ársins 2021 voru um 58.5 milljónir króna. Eldri styrkir sem ekki hafði áður tekist að greiða út voru í kringum 4,4 milljónir króna.

Stefán Aðalsteinsson, fyrrum framkvæmdastjóri BHM, óskaði eftir upplýsingum um hvað stæði að baki fjárhæðum varðandi liðinn *Önnur þóknun* í samhengi við lækkun launa stjórnar og starfsmanna.

Helga svaraði því þannig að það væri fyrst og fremst vegna þess að tveir starfsmenn hefðu hætt og breytingar hefðu verið gerðar á kjörum fráfarandi starfsmanns í sambandi við kröfu um orlofsskuldbindingu.

Kom fram í máli Stefáns að hann teldi það koma til skoðunar að greiðsla orlofsskuldbindingu ætti að flokka undir liðinn *Laun*.

Gunnar Gunnarsson tók til máls og sagðist telja að þóknun væri það sem væri greitt en breyting á orlofi væri reiknuð tala. Því væri auðveldara að gera sjóðsstreymi ef þessu væri skipt upp.

Birgir Guðjónsson tók til máls og hrósaði stjórn sérstaklega fyrir viðbrögð hennar við lífeyrismálum. Í máli hans kom fram að lífeyrissjóðurinn Brú væri einnig að glíma við sama



vanda og einnig væri vandi hjá sveitarfélögum en LSR væri þar inni. LSR hefði lækkað réttindi til framtíðar frá og með síðustu áramótum.

Helga upplýsti að hún hefði eytt ómældum tíma í bréfaskriftir við LSR vegna þessa en í þeim samtölum hefði komið fram að forsvarsmenn LSR teldu að skerða þyrfti greiðslur lífeyris vegna vænst lífaldurshækkunar til framtíðar.

Helga vísað einnig í samþykktir LSR og tók fram að fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi farið fram á að breytingar á samþykktunum færu ekki í gegn. Þrátt fyrir það hefðu forsvarsmenn LSR skrifaði undir breytingarnar á samþykktunum.

Helga upplýsti að KVH muni fylgjast náið með að skerðing fari ekki út fyrir lagaramma og að það sé til skoðunar til að fara í dómsmál vegna þessara lífeyrisskerðinga.

Stefán, formaður stjórnar, þakkaði Helgu fyrir að tók fram að gríðarlegir hagsmunir félagsmanna væru undir og að fylgst yrði vel með þróun mála.

Birgir Guðjónsson tók til máls og upplýsti að aðilar í samninganefnd hafi farið og talað við ráðuneytið sem færu með lífeyrismálin. Einnig hafi verið haldinn málfundur. Benti Birgir á að þegar bakábyrgð væri farin og ávöxtunin léleg, eins og staðan væri nú, væri farið í réttindin og þau skert. Slíkt ætti sér stað ár frá ári. Taldi hann mikilvægt að fara í máli til að a.m.k. rjúfa fyrningarfrestinn. Kom fram í máli hans að Erna, fyrrverandi lögfræðingur BHM, hafi farið í þá vinnu en mikilvægt væri að halda þeirri vinnu áfram.

Böðvar Jónsson, fundargestur, spurði úr sal hvernig samstarfi við BHM væri háttað því háar fjárhæðir færu til bandalagsins og hvort greiðslurnar væru eðlilegar miðað við þá þjónustu sem KVH fengi í staðinn.

Stefán formaður stjórnar sagði að hann teldi þetta viðkvæma umræðu. Mishátt félagsgjald væri á milli félaga innan BHM en hjá KVH væri frekar lágt félagsgjald. Það gerði það að verkum, vegna gjaldamóðelsins, að KVH greiðir hlutfallslega mikið af sínu rekstrarfé til BHM en að félagið hafi mótmælt breytingum á gjaldamódelinu á síðasta aðalfundi bandalagsins. Stefán benti á að mikilvægt væri að fjármála bandalagsins væru á heilbrigðum grunni.

Ingólfur, fundargestur, spurði um framlagið næstu ár og af hverju framlag KVH til BHM hækki á næstu árum?

Í svari Stefáns kom fram að aðalástæða þess að áætlun 2024 um gjöld til BHM væru hærri en áætlun fyrir 2023 væri vegna breytinga á gjaldalíkaninu sem mætti rekja til fjölgunar félagsmanna og hærri launa.

Stefán Aðalsteinsson þakkaði stjórn fyrir aðkomu að lífeyrismálum og sagðist telja að launþegar settu sig ekki inn í lífeyrismálin nægilega vel. Það kæmi t.d. sjaldan fyrir að

launþegar mættu á fundi lífeyrissjóðanna. Kom fram í máli hans að breytingar á lífeyrissjóðakerfinu væru knúnar áfram af hótunum um að A-sjóður yrði lagður niður með lagasetningu. Það hafi verið pólitískt mat á sínum tíma að skásti kosturinn hafi verið að fara í að breyta kerfinu. Taldi Stefán einnig að ágætis hagnaður væru af félaginu sem benti til þess að umsvif félagsins væru að aukast. Slíkt kæmi fram í rekstraráætlun sem farið yrði yfir síðar á fundinum.

Skoðunarmenn sáu ekkert athugavert í reikningunum og samþykktu þá fyrir sitt leiti.

Í kjölfarið voru reikningar bornir upp til samþykktar.

Bæði ársreikningur KVH og ársreikningur Vísindasióðs KVH voru samþykktir með öllum atkvæðum.

3. Tillögur félagsstjórnar

Engar tillögur voru lagðar fyrir fundinn að þessu sinni.

4. Kosning í embætti og önnur trúnaðarstörf

Í lögum félagsins segir að bjóða verður fram fyrir 1. mars ár hvert og fyrir eða á aðalfundi ef ekki fyllist í embætti. Engin viðbótarframboð komu fram og eru því sjálfkjörin þau sem buðu sig fram aftur og kjörtímabili var að ljúka.

Eftirfarandi voru því sjálfkjörin í embætti:

Stefán Þór Björnsson er sjálfkjörinn í embætti formanns KVH

Helga Sigurðardóttir er sjálfkjörin í embætti gjaldkera

Guðjón Hlynur Guðmundsson er sjálfkjörinn stjórnarmaður

Þrír varamenn stjórnar voru einnig sjálfkjörnir en Karl Einarsson gaf ekki kost á sér og þakkaði fundarstjóri honum fyrir störf hans í þágu félagsins.

Í hans stað var eitt framboð frá Hans Benjamínssyni sem bauð sig fram í varastjórn.

Varastjórn er því sjálfkjörin:

Guðmundur Halldór Björnsson, sjálfkjörinn í varastjórn

Gunnar Alexander Ólafsson, sjálfkjörinn í varastjórn

Hans Benjamínsson, sjálfkjörinn í varastjórn

Skoðunarmenn buðu sig fram aftur og eru sjálfkjörnir til tveggja ára.

Jóngeir Hjörvar Hlinason, sjálfkjörinn

Magnús Sigurðsson, sjálfkjörinn

5. Lagabreytingar

Lög nr. 27/1981 um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga voru felld úr gildi árið 2021. Því er nauðsynlegt að breyta lögum KVH sem vísa í lög in sem hafa verið felld úr gildi.

Eftirfarandi lagabreytingartillaga var lögð fyrir aðalfundinn:

Stjórn Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga leggur til breytingar á 4. gr. og 5. gr. laga félagsins. Í 4. grein núverandi laga er vísað í lög sem nú eru fallin úr gildi.

Lagt er til að 4. gr. og 5. gr. laga Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga hljóði svo:

„4. gr.

Félagsaðild er óháð starfsvettvangi, vinnuveitanda eða ráðningarformi.

Fullgildir félagsmenn geta þeir orðið sem greiða félagsgjöld og hafa lokið viðurkenndu prófi í viðskiptafræði eða hagfræði eða hafa lokið annarri námsgráðu á háskólastigi sem inniheldur að lágmarki 120 ECTS einingar af viðskipta- og hagfræðigreinum. Einnig geta þeir sem lokið hafa annarri háskólagráðu og eru í starfi þar sem viðskiptafræði- eða hagfræðimenntun nýtist fengið aðild að félaginu.

Bæði viðskiptafræðingar og hagfræðingar sem starfa sem slíkir, þ.e. nýta þekkingu sína og menntun í viðkomandi starfi, og eru launamenn eða sjálfstætt starfandi, geta átt félagsaðild að KVH.

Aukaaðild geta fengið:

a) Námsmenn í viðskiptafræði eða hagfræði á háskólastigi, sem lokið hafa a.m.k. einu námsári í fræðigreininni eða sem svarar 60 ECTS einingum.

b) Viðskiptafræðingar eða hagfræðingar sem eru í framhalds- eða doktorsnámi.

c) Félagsmenn sem verða lífeyrisþegar og láta af störfum vegna aldurs.

d) Viðskiptafræðingar og hagfræðingar sem starfa tímabundið erlendis.

e) Viðskiptafræðingar og hagfræðingar sem eru tímabundið atvinnulausir (enda greiði þeir ekki félagsgjöld af atvinnuleysisbótum).

f) Viðskiptafræðingar og hagfræðingar sem eru tímabundið utan vinnumarkaðar vegna veikinda eða fjölskylduaðstæðna. Aukaaðild felur í sér heimild til þátttöku í starfsemi félagsins, með málfrelsi og tillögurétti og öðrum réttindum að ákvörðun stjórnar hverju sinni, þó ekki með atkvæðisrétti eða kjörgengi til nefndastarfa og stjórnar. Þeir sem eru aukaaðilar og þiggja ekki laun, greiða heldur ekki félagsgjöld á sama tíma. Námsmenn sem starfa með námi og aðrir aukaaðilar sem þiggja laun, greiða félagsgjöld og njóta réttinda samkvæmt ákvörðun stjórnar á hverjum tíma. Námsmannaaðild í grunnnámi (BA/BS próf) getur ekki varað lengur en fjögur ár samtals.“

Lagt er til að 5. gr. hljóði svo:

„5.gr.

Beiðni um inngöngu í félagið skal senda framkvæmdastjóra þess, sem skal taka umsóknina til úrskurðar og tilkynna umsækjanda um niðurstöður. Umsóknina skal send inn annað hvort með rafrænni umsókn á heimasíðu félagsins eða skriflega með öðrum hætti. Með umsókn skulu m.a. fylgja eftirtalin gögn:

a) Staðfesting á háskólaprófi, ásamt samantekt námseininga í viðskiptafræði og hagfræði.

b) Persónuupplýsingar (nafn, kennitala, heimilisfang, póstnúmer, netfang, sími).

c) Atvinnuupplýsingar (starfsheiti, launagreiðandi, vinnustaður)

Höfnun um aðild má vísa til stjórnar. Stjórn félagsins getur veitt undanþágu frá inngönguskilyrðum.“

Lagabreytingarnar voru samþykkar samhljóða.

6. Ákvörðun félagsgjalda

Vegna góðrar stöðu félagsins var lagt til að félagsgjöld séu óbreytt frá fyrra ári eða 0,6% af launum.

Það var samþykkt samhljóða.

7. Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að tekjur vegna félagsgjalda hækki um 6 milljónir krónur vegna áætlaðra 2,5% fjölgunar félagsmanna og launahækkana. Einnig er gert er ráð fyrir auknum kostnaði vegna ferða, ráðstefna og kynningarmála en þær hafa ekki verið á síðustu árum vegna covid. Þá eru greiðslur til BHM óbreyttar. Jafnframt verður farið í stefnumótunavinnu, endurnýjun á heimasíðu og fleiri verkefni sem valda kostnaðarauka miðað við fyrri ár auk þess sem rekstrarframlag til húsfélagsins hækkar vegna aukins eignarhluta.

Helga, gjaldkeri stjórnar benti á að heimasíða félagsins þurfi uppfærslu og að fara þyrfti í markaðsmál. Einnig benti hún á að stjórnin þurfi að halda áfram að fara vel með fjármuni.

Gunnar Gunnarsson, fundargestur spurði út í hvað gert væri ráð fyrir mörgum starfsmönnum á skrifstofu félagsins.

Var upplýst að gert væri ráð fyrir að einn starfsmaður verði ráðinn fyrir haustið. Síðar yrði svo metið hvort bæta þyrfti við fleiri starfsmönnum á skrifstofu félagsins.

Stefán Aðalsteinsson, tók til máls og sagði að gott sé að fara í kynningarmál, heimasíðu og efla skrifstofu og starfsemi félagsins. Upplýsti hann fundargesti um að þrír aðilar ættu sæti í markaðsráði félagsins.



Stefán, formaður félagsins fór yfir fjárfestingaáætlun félagsins.

Í máli hans kom fram að stjórn félagsins legði áherslu á að tryggja öryggi fjármuna en um leið ná fram eins góðri ávöxtun og hægt væri. Fjármunir væru bundnir í húsnæði en einnig væru talsverðir fjármunir bundnir í innlánnum.

Vilji stæði til þess að fjárfesta í skuldabréfum með hátt lánshæfismat og í um 6 til 8 hlutafélögum.

„Tillaga um fjárfestingaráætlun er í meðfylgjandi fylgiskjali“.

Birgir Guðjónsson lagði til breytingu á orðalagi í fjárfestingaáætlun með þeim rökum að „gott“ lánshæfismat sé loðið og betra væri að skilyrða fjárfestingar í skuldabréfum við bréf sem eru með ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga. Tillaga Birgis var samþykkt.

„Ný lokatillaga um fjárfestingaráætlun“ er í meðfylgjandi fylgiskjali“.

Breytingartillagan var samþykkt samhljóða.

Rekstraráætlun var einnig samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál

Sigríður Svavarsdóttir, ritari stjórnar, þakkaði Helgu gjaldkera sérstaklega fyrir þá ómældu vinnu sem hún lagði fram til að huga að hagsmunum félagsmanna vegna breytinga á ábyrgð og hækkun lífaldurs í LSR.

Stefán, formaður stjórnar, þakkaði fráfarandi varastjórnarmanni Karli Einarssyni samstarfið og sleit fundi.

Fundi slitið kl. 12:50

Jóngeir Hjörvar Hlinason, fundastjóri

Sigríður Svavarsdóttir, fundarritari